



**Þarfagreining
fyrir
Sigurfara – siglingafélag Akraness**

Félagsaðstaða innan og utan húss

Inngangur

Eftirfarandi þarfagreining er unnin vegna félagsaðstöðu Siglingafélagsins Sigurfara á Akranesi í og við Akraneshöfn. Á svæðinu fer nú fram barna- og unglिंगastarf félagsins, sem felst í kennslu í siglingum á kænum og kajakróðri. Í framtíðinni munu bætast við keppnisæfingar en líklegt er að þær fari að mestu fram utan hafnarinnar, framan við Langasand.

Félagið ræður ekki yfir eigin húsnæði en hefur fengið inni með sumarstarfið í Hafnarhúsinu, sem er í eigu Faxaflóahafna. Miðað við stærð félagsins í dag hentar það húsnæði ágætlega. Akraneskaupstaður hefur lagt til húsnæði til vetrargeymslu. Það skýlir bátum og búnaði fyrir veðrum en er þó í lélegu standi og hriplekt. Hér á eftir verður farið yfir þarfir félagsins til framtíðar, bæði hvað varðar húsnæði og útiaðstöðu. Einnig verða mögulegar staðsetningar starfseminnar til framtíðar skoðaðar t.d. m.t.t. þróunar byggðar á Akranesi.

Saga og starfsemi Sigurfara

Sigurfari-siglingafélag Akraness var stofnað árið 2016. Fyrsta siglinganámskeiðið var haldið árið 2017 með lánsbátum og þjálfara frá siglingafélaginu Brokey í Reykjavík. Sigurfari eignaðist sína fyrstu fimm seglbáta af gerðinni Optimist árið 2018 sem keyptir voru notaðir af siglingafélaginu Þyt í Hafnarfirði. 2019 var fyrsta stóra starfsár Sigurfara. Þá stóð námskeiðshald í fimm vikur og fóru 34 börn í gegnum námskeiðin. Sama ár eignaðist félagið sjö seglbáta í viðbót af gerðinni Laser Pico og fjóra kayaka. Flotinn í dag er blanda af þessum tólf stærri og minni seglbátum og fjórum kayökum. Björgunarfélag Akraness (BA) hefur verið félaginu innan handar um öryggisbát, en eitt af markmiðum Sigurfara er að eignast slíkan bát.

Sigurfari hefur verið upp á velvild annarra kominn varðandi húsnæði. Faxaflóahafnir hafa lánað hús sitt við Faxabraut undir starfsemina. Það hefur verið notað sem geymsla, félagshúsnæði og kennslustofa. Hafnarhúsið nýtist vel undir núverandi starfsemi félagsins og gæti nýst sem vetrargeymsla miðað við núverandi umfang en í augnablikinu verður að leita annað með langtímageymslu.

Sjósetningaraðstaðan er skábraut niður í höfnina sunnan Faxabrautar gegnt Hafnarhúsinu og stutt að fara. Þar liggur reyndar eini stóri gallinn við þessa staðsetningu, að fara verður með bátana yfir Faxabraut, þar sem er á stundum töluverð þungaumferð, til komast að skábrautinni.

Fyrir velvilja Akraneskaupstaðar og Faxaflóahafna býr Sigurfari að ágætri aðstöðu (ef frá er talið ástand geymsluhúsnæðisins) miðað við núverandi umsvif. Æfingasvæði félagsins er höfnin og Krossvík.

Það er mjög hamlandi fyrir uppbyggingu félagsins að hafa ekki yfir eigin húsnæði að ráða, þar sem væri aðstaða til félagsstarfs, funda, viðhalds og geymslu. Hugmyndin er einnig að hinn almenni félagsmaður geti geymt bátinn sinn í aðstöðu félagsins við sjóinn og gengið að honum þar.

Sigurfari er eitt af aðildarfélögum Siglingasambands Íslands (SIL) og hefur hýst ýmsa viðburði á vegum sambandsins. Æfingabúðir SIL voru haldnar hér árin 2015, 2017 og 2020. Faxaflóamót kjölbáta er haldið seinni hluta júní á hverju ári. Við höfum útvegað þá aðstöðu sem hver viðburður krefst, aðgang að sundlaug, gistingu, borðhald og þess háttar og félagið hefur þannig gert sig gildandi í siglingalífinu hér á landi.

Þrátt fyrir aðstöðuleysið hefur Sigurfara tekist að halda úti námskeiðum og við höfum tekið þátt í viðburðum t.d. með Sjósunðfélagi Akraness og stórum viðburðum í bæjarlífinu, sjómannadeginum og írskum dögum. Við ætlum okkur að mynda æfinga og keppnishóp og glæða áhuga fullorðinna á siglingum með námskeiðum sem hæfa þeim. Félagið á nú alls tólf seglbáta og þrjá eins manns og einn tveggja manna kayak með nauðsynlegum búnaði, t.d. björgunarvestum. Einnig hefur það aðgang að kjölbát í einkaeigu sem mætti nýta til námskeiðshalds fyrir fullorðna. Sem fyrr segir er framtíðarverkefni að eignast öryggisbát, en einnig annan búnað og tæki eins og siglingafatnað, talstöðvar og baujur.

Siglingastarfsemi er á margan hátt ólík öðrum íþróttagreinum. Æfingar taka yfirleitt meiri tíma en í öðrum íþróttum vegna meiri undirbúnings við sjósetningu og frágang. Iðkendur þurfa, áður en æfing hefst, að gera báta sína sjóklára og klæða sig í viðeigandi hlífðarfatnað og björgunarvesti. Eftir æfingar þarf svo að skola búnaðinn og hengja til þerris.

Veðurfar og sjávarhiti kalla á að aðstaða í landi sé þannig úr garði gerð að þegar vosbúðin er sem mest þá sé hægt að leita skjóls og hlýju til þess að iðkendur geti jafnað sig. Það kallar á aðgang að heitri sturtu og jafnvel heitum potti. Æfingaaðstaða innanhúss, m.a. líkamsrækt er framtíðardraumur en eins og staðan er er ekki um að ræða að stunda æfingar nema yfir sumarmánuðina. Betri aðstaða myndi gera okkur kleift að lengja bæði æfinga og námskeiðstímabil félagsins.

Helstu atriði varðandi aðstöðu utanhúss

Verður nú gerð grein fyrir helstu atriðum er snerta brýnustu þarfir varðandi aðstöðu Sigurfara.

Núverandi staðsetning Sigurfara nærri sjósetningarstað/lendingu er með besta móti. Það er stutt fyrir blauta iðkendur (börn og unglina) að komast í heita sturtu eða pott til að hlýja sér eftir æfingu. Athugandi væri að setja upp útisturtur til að skola af iðkendum og búnaði. Vosbúð fylgir siglingum þannig að sum barnanna eru orðin gegn blaut og köld af volkinu þegar komið er í land. Einnig er stutt að fara ef þarf að lenda öryggisbátum nærri aðstöðunni ef óhapp hefur átt sér stað og koma þarf iðkenda hratt í land.

Aðgengi að húsi og sjósetningaraðstöðu er með besta móti og auðvelt að koma bíl með kerru að svæðinu. Ekki þarf alltaf að vera opið fyrir umferð og í raun er æskilegt að geta takmarkað hana, t.d til að koma í veg fyrir umgang óviðkomandi, en þegar haldin eru mót koma keppendur með báta á kerrum og það þarf að vera hægt að losa um þá og sjósetja öryggisbáta. Þessi opnun þarf að vera á ábyrgð félagsins.

UMHVERFI OG SJÁLFBÆRNI

Siglingar og sjálfbærni fara saman. Þeir sem stunda siglingar nýta náttúruna á sjálfbæran hátt til að sigla um höfin blá. Sú ímynd er siglingamönnum mikilvæg og viljum við því að aðstaða okkar gefi okkur kost á að vera bæði sjálfbær og umhverfisvæn. Áhugaverð hugmynd er að kolefnisjafna eldsneytisnotkun á öryggisbátum og koma fyrir sjóhrensandi lífverum við sjóvarnargarð og bryggjur. Áhersla á umhverfisvernd er mikilvægur þáttur í okkar starfi og viljum einnig nýta svæðið í tengslum við skóla á svæðinu til að leggja áherslu á umhverfið og vistkerfið í sjónum og fjörunni allt um kring.

ATHAFNASVÆÐI/GEYMSLUSVÆÐI



Nauðsynlegt er að hægt sé að geyma báta á svæðinu með öruggum hætti. Í dag er sú aðstaða engin. Bátar félagsins eru geymdir á kerrum utan við hafnarhúsið og hefur það gerst að bátur var sjósettur í óleyfi og notaður til að fara yfir á lokaðar flotbryggjur. Með girðingu er hægt að skilja lausa hluti eftir í bátunum en einnig er æskilegt að hægt væri að geyma báta í hillum og læsa þeim þar. Þá þarf að vera til aðstaða innanhús til að geyma stýri, kili, vesti og fatnað á öruggum stað. Þegar mót eða siglingabúðir eru haldnar margaldast fjöldi báta á svæðinu og gera þarf ráð fyrir að hægt sé að geyma þá á öruggan hátt. Þá verður að gera ráð fyrir að aðrir keppendur geti komið með bílkerrur með bátum á svæðið. Hætt er við að bátar og búnaður á opnu svæði séu skemmdir, en einnig getur skapast hætt á að bátum sé stolið eins og fyrr sagði, og einhverjir fari sér að voða í höfninni.

AÐSTAÐA TIL SJÓSETNINGAR

Þeir bátar sem Sigurfari notar eru flestir settir í sjó á handkerrum af þeim sem eru að fara að sigla. Siglarar draga bátinn sjókláran niður skábrautina og sjósetja þannig. Stærri bátar eins og öryggisbátar eru ýmist sjósettir beint af bílkerru eða eru hífðir af kerru í sjó með bryggjukrana.

Sjósetningarrampurinn er ýmsum takmörkunum háður. Hann er fullbrattur, en meira aflíðandi rampur auðveldar börnum að draga upp bátana sína. Neðan við rampinn eru miklar grynningar þegar lágsjávað er, sem veldur erfiðleikum við sjósetningu og landingu þó að bátarnir séu smáir. Stærri báta er illa hægt að sjósetja á fjöru. Ef aðstæður kalla á brattann ramp þarf að gera ráð fyrir sjósetningarplani rétt fyrir ofan stórstraumsmörk þar sem bátar eru gerðir sjóklárir. Æskilegt væri að fláinn nái niður á sjávarbotn fyrir neðan lægstu stórstraumsfjöru og að ekki sé þrep við endann á rampinum niður á sjávarbotni. Slíkt þrep getur skemmt báta við sjósetningu. Sem dæmi um illa hannaðann ramp er rampur við aðstöður Sigluness í Nauthólsvík sem er of mjór, auk þess sem aflíðandi hliðar hans draga verulega úr notagildi hans. Einnig er mikill stallur niður á sjávarbotn sem reynt hefur verið að brúa yfir með stálplötu. Plata þessi verður mjög hál og skapar verulega slysahettu. Nýr rampur þyrfti að vera um 10 metra breiður sléttur aflíðandi flötur niður að sjávarbotni.

Þyngri báta eins og til dæmis öryggisbáta er best að sjósetja með krana. Bátar þessi vega um hálf tonn og jafnvel meira ef vatn hefur komist í holrými. Taka þarf bátana upp reglulega til viðhalds, þrifa á botngróðri og skoðunar. Hægt er að sjósetja slíka báta af bátakerrum en saltvatn fer illa með legur og bremsubúnað og dregur þannig úr öryggi þess búnaðar. Við löndunarbryggju smábáta í Akraneshöfn eru þrjár kranar sem mögulegt er að nota við sjósetningu og er sú aðstaða viðunandi.

FLOTBRYGGJUR

Flotbryggjur eru góð lausn til að geyma öryggis- og þjálfarabáta en einnig væri gott að hægt væri að geyma þar kænur við eða á bryggjunni um skamman tíma. Til framtíðar væri æskilegt að siglingafélagið fengi úthlutað eigin bryggju þar sem starfsemin mundi ekki skarast á við smábátaútgerð eða aðra bátaumferð. Rétt að horfa til tíðarandans þannig að bryggjan geti þjónað fötluðum einstaklingum sem hafa hug á að stunda siglingar. Í dag er ekkert aðgengi fyrir fólk í hjólastól til að stunda siglingar en íþróttin er ein af fáum þar sem fatlaðir og ófatlaðir geta keppt á jafnréttisgrundvelli.

Dýpi við bryggjuna þarf að vera nægjanlegt til að stærri bátar geti lagst að og haft næturstað. Ekki er nauðsynlegt að hafa föst stæði heldur þarf aðstaða við bryggjuna að vera þannig að gestir geti komið í heimsókn.

ÖLDUBRJÓTUR/VARNARGARÐUR

Nú er fyrirhugað að lengja stóra sjóvarnargarðinn. Það mun bæta siglinga aðstöðuna með því að kyrrara verður í höfninni og væntanlega stækkar það svæði utan hafnar sem hægt er að sigla kænum þar sem skjól fyrir öldum verður meira en nú er. Mögulega býður þessi stækkun upp á að hægt að setja starfsemi Sigurfara niður utan við sementsbryggjuna þar sem ölduálag minnkar við stækkun garðsins.

ANNAÐ

Fánar og flögg eru stór hluti af siglingum og því er nauðsynlegt að hafa merkjastöng til að geta gefið merki með fánum til þeirra sem eru úti á sjó eða í landi. Slíkar stangir eru notaðar við keppni auk annarrar merkjagjafar sem tengist félaginu.

Siglingabrautir eru útbúnar með flotbaujum og er prýðisaðstaða til þess framan við Langasand og auðvelt að setja niður þannig að þær skarist ekki við umferð skipa og báta.

SAMANTEKT UTANHÚSS

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu stærðir er snerta nauðsynlegar framkvæmdir vegna aðstöðu.

	Stærðir
Rampur	10 m breiður
Flotbryggja	6-8 stæði
Sjóvarnargarður	breytt staðsetning
Krani	2 tonn
Geymslusvæði	300 fm
Útisturtur	2
Heitur Pottur	t.d. Fiskiker
Bílaaðgegni	

Helstu atriði varðandi húsnæði

Núverandi húsnæði er það sem Faxaflóahafnir og Akraneskaupstaður hafa lagt til. Hafnarhúsið er á tveimur hæðum. Uppi er skrifstofa hafnsögumanna en niðri er sú aðstaða sem félagið hefur notað. Þar er stórt rými með stórrí innkeyrsluhurð. Inn af því er sturta og salerni. Þetta rými hentar félaginu vel miðað við núverandi umfang. Þar má segja að félagsaðstaða okkar sé, þar sem hægt er að sötra kaffi og dytta að, og halda námskeið.

Vetrargeymslan, gula skemman, er skjól fyrir veðrum en hún er hriplek og hætta á músagangi sem getur orðið mikið tjón af.

Óskahúsnæðinu væri hægt að skipta í þurr og blautt svæði sem við getum ekki gert í dag enda húsnæðið hannað með annað en siglingar í huga. Iðkendur og búnaður koma yfirleitt blaut af sjó og því þarf stór hluti húsnæðisins að þola bleytu og raka. Við hönnun nýs húsnæðis fyrir Sigurfara er vert að hafa í huga þessa skiptingu, í þurr og blaut svæði.

A. BLAUTT SVÆÐI

BÚNINGSKLEFAR

Það að sigla og æfa siglingar á kænum getur verið bæði blautt og kalt og því er mikilvægt að húsnæðið þoli bleytu og seltu þar sem iðkendur koma inn af æfingum og keppnum. Búningsklefar eru einnig svæði þar sem iðkendur fara í heita sturtu til að hlýja sér. Það er nauðsynlegt að hafa aðskilda aðstöðu fyrir kynin. Nútíma kröfur eru einnig um að fullorðnir deili ekki búningsklefum með börnum og því er nauðsyn að taka tillit til þess við hönnun húsnæðisins. Við ákvörðun á stærð sturtuklefa þarf að gera ráð fyrir þrefalt fleiri notendum heldur en æfa vegna aðstæðna sem upp koma þegar verið er að halda mót og þegar aðrir iðkendur þurfa að nota aðstöðuna. Klefar fullorðinna geta verið minni en klefar barna. Einnig verður að gera ráð fyrir mögulegri tengingu við skólastarf þannig að búningsklefar rúmi einn eða tvo bekkir kynjaskipt auk aðstöðu fyrir kennara til að skipta um föt.

BÁTAGEYMSLA

Bátageymsla gegnir tveimur hlutverkum. Annars vegar, eins og nafnið segir til um, sem geymsla fyrir báta en einnig hlutverki kennslustofu. Fyrir kennslustofu er nauðsynlegt að innanhúss sé nægileg lofthæð til að setja upp mastur á bát og hafa hann með fullum reiða innanhús. Þannig er t.d. hægt að fara yfir seglastillingar. Auðvitað má gera ráð fyrir bleytu í bátageymslu og ekki þarf að gera ráð fyrir fullri hitun að vetri til.

ELDSNEYTISGEYMSLA

Þjálfara- og öryggisbátar félagsins þurfa aukabirgðir af eldsneyti sem auðvelt er að nálgast. Magnið er ekki mikið eða um 50 lítrar eða nokkrir brúsar, en best er að hafa eldvarðan skáp eða litla geymslu utanhúss til að geyma eldsneytið til að draga úr slyshættu.

VIÐGERÐARSVÆÐI

Viðhald á bátum og búnaði félagsins er að mestu í höndum félagsmanna. Nokkuð viðhald fylgir kænum og seglum og nauðsynlegt er að hafa gott vinnusvæði til að gera við báta og tæki. Það svæði þarf að vera upphitað og svo hægt sé að gera við plastefni og mála allt árið um kring. Þar sem hér yrði unnið með plastefni og epoxý er nauðsyn á góðri loftræstingu. Gott aðgengi að rafmagni og geymsla á varahlutum og verkfærum þarf einnig að vera til staðar.

Svæðið þarf ekki að vera stórt en aðgengilegt bæði fyrir öryggisbáta á bílkerru og minni báta félagsins.

ÞURRKSVAÐI

Mikið af búnaði bæði fatnaður og segl blotna á við siglingar. Til að fara sem best með búnaðinn þarf að þurrka hann eftir að hann hefur verið notaður. Blautir siglingagallar eru þungir og fyrirferðarmiklir og fara ekki vel í tösku þegar hjólað er heim eða farið í strætó. Þurrksvæði, þar sem hægt er að hengja upp blauta galla og þurrka þá milli æfinga, er því nauðsynlegt. Til að þurrka segl þarf rými sem hefur góða lofthæð þar sem hægt er að hengja þau upp til þerris. Nauðsynlegt er, eðli málsins samkvæmt, að tryggja góð loftskipti um rýmið.

GEYMSLUR/SKÁPAR

Áriðandi er, til að pláss nýtist sem best, að allir þeir hlutir sem notaðir eru við starfsemi félagsins hafi sinn samastað. Við siglingakennslu er mikið notað af baujum akkerum, tógi og keðjum, oft þungum búnaði sem koma þarf vel fyrir. Einnig fylgir seglbátunum viðkvæmur búnaður sem ekki er geymdur í bátnum má þar m.a. nefna stýri og kili. Sumir bátar eru í einkaeigu og eigendur þurfa að geta haldið búnaði sínum aðskildum frá almennum búnaði í eign félagsins. Því væri æskilegt að gera ráð fyrir persónuskápum.

B. ÞURRT SVÆÐI

ALRÝMI

Mikilvægt er að hafa gott svæði þar sem alls kyns starfsemi getur farið fram. Þar verði aðstaða fyrir iðkendur til setjast niður og slaka á eftir æfingu og borða nesti sitt. Einnig nýtist rýmið sem kennsluástaða þegar farið er yfir æfingar á skjá eða töflu, og til móttöku skólahópa. Þegar mót fara fram er gott að hafa aðstöðu fyrir foreldra til að leita skjóls og undirbúa móttöku keppenda. Í rýminu þarf einnig að vera eldhúskrókur þar sem hægt er að hita t.d. súpur og drykki til að ylja köldum iðkendum.

Gluggar á þessu rými mættu vísa út á sjó svo hægt væri að fylgjast með gangi mála þar.

LÍKAMSRÆKT

Vetrarstarf félagsins er mjög lítið eins og er. Til framtíðar mætti samt huga að líkamsræktaraðstöðu sem mundi bæta upp þann skamma tíma sem hægt er að vera á sjó. Í dag er möguleikinn almenn líkamsrækt sem ekki er sérstaklega sniðin að siglingaíþróttinni. Með því að hafa líkamsræktarherbergi væri hægt að bæta úr þessu. Um 20 fermetrar væri nægjanlegt þar sem hægt væri að koma fyrir m.a. hjólum, lóðum og klifurgrindum og dýnum, ættu að nægja. Eðli málsins samkvæmt væri gott ef ekki væri langt á milli líkamsræktaraðstöðu og búningsklefa.

AÐSTAÐA FYRIR ÞJÁLFA

Ýmis pappírsvinna á sér stað í tengslum við siglingafélög og starfsemi þeirra, bæði vegna æfinga og fyrir keppnir. Það er því nauðsynlegt að hafa skrifstofu þar sem starfsmenn hafa næði til að fara yfir æfingagögn, myndbönd og skráningar iðkenda. Slík aðstaða nýtist einnig sem aðstaða fyrir keppnisstjórn þegar keppnir eru haldnar á svæðinu. Þar inni þyrfti að vera pláss fyrir skrifborð með tölvubúnaði og 4-6 manna fundarborð. Hirslur og hleðslustöðvar fyrir myndavélabúnað og talstöðvar eru einnig nauðsynlegar.

Slíkt rými gæti einnig nýst sem fundarstaður fyrir foreldrafélag iðkenda.

SAMANTEKT UM HÚSNÆÐI

Í eftirfarandi töflu má sjá helstu stærðir er snerta nauðsynlegar framkvæmdir vegna aðstöðu.

	Fjöldi	Fermetrar	Lofthæð	Þurrt/blautt
Búningsklefar	4	15	Norm	Blautt
Bátageymsla	1	250	Hátt	Blautt
Eldsneytisgeymsla	1	1	Lítill	Blautt
Viðgerðarsvæði	1	15	Norm	Blautt
Þurrksvæði	1	15	Hátt	Blautt
Líkamsrækt	1	20	Norm	Þurrt
Alrými	1	30	Norm	Þurrt
Geymslur skapar	1	15	Norm	Blautt/þurrt

Framtíðarsýn

Sigurfari – siglingafélag Akraness hefur vaxið frá upphafi hvað varðar iðkendur og bátakost. Bátarnir eru fullnýttir, en aðstaðan er sá liður sem er helst hamlandi í stækkunarmöguleikum félagsins. Tilvera Sigurfara er í dag háð vilja og starfsemi Akraneskaupstaðar og Faxaflóahafna. Aðstaðan er út af fyrir sig góð nema vetrargeymslan, en það húsnæði er fráhrindandi og starfsaðstaða engin. Yfir sumarmánuðina er aðstaða félagsins fullnýtt. Bætt aðstaða mun hafa áhrif til stækkunar félagsins og fjölgunar iðkenda. Einnig gæti mögulegur flutningur aðstöðunnar, í framhaldi af lengingu brimvarnargarðs nær væntanlegri íbúðabyggð ofan Faxabrautar, orðið til féluginu til bóta. Aðrar mögulegar staðsetningar mætti skoða, t.d. við Lambhúsasund eða í Höfðavík við Elínarhöfða. Þessir síðast töldu eru þó háðir þeim takmörkunum að þar vantar að mestu eða alveg hentuga hafnaraðstöðu auk þess sem umhverfi Höfðavíkur er vinsælt útivistarsvæði og þröngt um bílaumferð þar.

Núverandi staðsetning Sigurfara er inni á skilgreindu iðnaðarsvæði þar sem börn og unglingar eru síður æskileg en fyrr á tímum. Með staðsetningu nær nýju hverfi ofan Faxabrautar gefst tækifæri til að vera í meiri nánd við iðkendur. Einnig er betri tenging við skóla afar spennandi og nátengd þeirri þróun sem á sér stað í skólstarfi þar sem farið er út fyrir skólann og nærumhverfið kannað.

Fyrirséður vöxtur kallar á að aðstaðan sé miðuð við umfangsmeira starf en er hjá féluginu í dag. Húsnæði þarf að vera rúmgott og huga þarf að stækkunarmöguleikum eða útfærslum sem geta nýst í framtíðinni.

Fatlaðir hafa ekki haft mörg tækifæri til að stunda siglingar á Íslandi. Íþróttin hentar vel fyrir hreyfihamlaða, enda eru til bátar þar sem ekki þarf að hreyfa sig mjög mikið heldur reynir í þeim fyrst og fremst á finstillingar og kunnáttu siglingamannsins. Raunar eru siglingar ein örfárra íþrótta þar sem fatlaðir og ófatlaðir geta keppt á jafnréttisgrundvelli. Aðeins er til einn bátur fyrir fatlaða hér á landi og er hann staðsettur á Akureyri. Hér er ekki er aðstaða í landi fyrir fatlaða til að komast um borð í báta, og raunar er hvergi góð aðstaða fyrir fatlaða til slíks. Víðast hvar eru brattir landgangar á flotbryggjur og hvergi hjólastólalyftur til að koma fólki um borð í báta. Við hönnun framtíðaraðstöðu Sigurfara er vert að hafa í huga þarfir fatlaðra og möguleika þeirra til að stunda siglingar.

Lokaorð

Þessi greining á þörfum Sigurfara fjallar um ýrustu óskir félagsins um búnað og aðstöðu og er hér horft til langrar framtíðar. Mjög einfölduð, snýst hún um húsnæði þar sem hægt er að geyma báta og búnað, sinna viðhaldi, og halda uppi félagsstarfi. Umfang starfsins hefur aukist með hverju ári, bátum fjölgað og við finnum fyrir áhuga og velvilja. Siglingar setja góða og frísklega ímynd á umhverfi sitt og tilkoma Sigurfara hefur sett Akranes rækilega á kortið í íslensku siglingalífi með æfingabúðum og stærra Faxaflóamóti kjölbáta. Föst aðstaða gerir okkur einnig auðveldara að laða að fleiri gestaskútur, bæði innlendar og erlendar, og auka þannig við ferðamannastrauminn hingað til bæjarins. Við vonum að bæjaryfirvöld sýni því skilning að núverandi ástand er mjög hamlandi fyrir vöxt og starfsemi félagsins.

Stjórn Sigurfara Siglingafélags Akraness

Guðmundur Benediktsson

Geir Geirsson

Björn Óskar Andrésson

Anna G. Ahlbrecht

Sigríður H. Gunnarsdóttir